

Orðaforðalistinn

ISBN 978-9979-0-2166-7

© Höfundur: Elsa Pálsdóttir

© Teikningar: Kristín Jóna Þorsteinsdóttir

Yfirllestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2017

Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot og útlit: Kristín Jóna Þorsteinsdóttir

Prentun: Prenttækni ehf. – Umhverfissvottuð prentsmiðja

Inngangur

Það er mikilvægt að ungt fólk á Íslandi hafi sömu tækifæri og jafnaldrar þess í löndum sem við viljum bera okkur saman við. Til að svo megi verða þarf að veita nemendum okkar menntun sem stenst samanburð við það sem best gerist erlendis.

Gott læsi er nauðsynlegt til að hver og einn geti nýtt hæfileika sína til fulls samféluginu öllu til góða. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar er lagður mikilvægur grunnur hvað varðar undirstöðuþætti læsis. Þar vegur málþroskinn þyngst en efling hans er forsenda þess að barn nái góðum tókum á læsi.

Orðaforði er einn af grundvallarþáttum lesskilnings og mikilvæg undirstaða alls náms. Það hafa fjölmargar rannsóknir sýnt, s.s. doktorsrannsókn Sigríðar Ólafsdóttur (2015) og rannsókn Freyju Birgisdóttur (2016). Því meiri orðaforði, þeim mun betri lesskilningur. Þess vegna er nauðsynlegt að styðja vel við máltöku barna og leggja mikla áherslu á orðaforða frá upphafi.

Í byrjun tjá börn hugsun með hljóðlíkingum, stökum orðum og/eða látbragði. Þegar vald á tungumálinu eykst tjá börn flóknari hugsun með vaxandi orðaforða og sífellt lengri setningum. Þannig verða flóknari reglur og einingar tungumálsins hluti af máltjáningu barnsins. Orðaforði er öll þau orð sem við þekkjum. Orðaforði þróast fyrst út frá barninu sjálfu með því að það lærir að þekkja fjölskyldu sína, tilfinningar, helstu líkamshluta og hluti úr nánasta umhverfi. Að læra ný hugtök byggist á reynslu einstaklings og skilningi hans á umhverfinu. Þessi lærdómur er grundvallaður á minni, upplifun og reynslu barnsins. Orð og hugtök eru því alls ekki stakar einingar sem börn læra heldur verkfæri sem eru hluti af flóknu kerfi (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2005).

Þetta orðasafn er hugsað sem verkfæri fyrir leikskólakennara og foreldra að styðjast við þegar þeir vinna að eflingu orðaforða barna. Orðasafnið er ekki hugsað sem matstæki, skimun eða próf.

Við gerð orðasafnsins var safnað saman orðum úr nánasta umhverfi barnsins og helstu orðum sem koma fyrir í lífi og starfi barna á leikskólaaldri. Rýnihópur á vegum Ísbrúar, sem í sátu leikskólakennarar og kennarar á yngsta stigi grunnskólans, rýndi í orðalistann og kom með athugasemdir og tillögur. Tuttugu leikskólar vítt og breytt um landið forprófuðu listann og gerðu góðar og gagnlegar athugasemdir.

Orðasafnið er alls ekki tæmandi og mörg orð í listanum er hægt að nýta í fleiri en einni merkingu. En hann inniheldur dæmi um mikilvægan grunnorðaforða sem gott er að hafa á valdi sínu sem undirstöðu fyrir vaxandi mál- og lesskilning. Orðasafnið getur verið sérstaklega gott verkfæri fyrir tvítyngd börn. Notendur eru hvattir til að bæta inn orðum eftir þörfum.

Hægt er að nota orðasafnið á ýmsa vegu, s.s. að hafa það sýnilegt á veggjum leikskólans til að minna á að nota fjölbreyttan orðaforða í daglegu starfi, prenta út og hafa sem skráningarblað fyrir einstök börn, vinna þematengda vinnu, dýpka samræður við börnin, búa til leiki út frá orðunum, verkfæri fyrir foreldra til að efla orðaforða barna sinna o.s.frv.

Til að búa til gott verkfæri er nauðsynlegt að fá álit þeirra sem koma til með að nýta það í starfi. Því viljum við þakka sérstaklega þátttakendum í rýnihóp á vegum Ísbrúar og öllum þeim leikskólakennurum sem forprófuðu listann í leikskólunum og gáfu honum umsögn.

Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu


PERSONUR

Persónur < 3 ára

ég, þú, þið, við, minn, þinn, hans, hennar, hún, hann, mamma, pabbi, afi, amma, systir, bróðir, frænka, frændi, fjölskylda, stelpa, strákur, kona, karl, maður, barn, unglíngur, fullorðinn, nöfn á leikskólabörnum, nöfn á kennurum, kennari, leikskólakennari, lögga, læknir, tannlæknir, dýralæknir, bakari, kokkur, bílstjóri, sjómaður, prins, prinsessa

Persónur < 6 ára

okkur, þeir, þær, þau, móðir, faðir, langamma, langafi, föðurbróðir, móðursystir, stjúpmamma, stjúpmóðir, stjúppabbi, stjúpfaðir, stjúpforeldrar, fósturmóðir, fósturfaðir, fósturpabbi, fósturmamma, fósturforeldrar, stjúpsystkin, stjúpsystir, stjúpbróðir, systkini, tvíburar, dóttir, sonur, ungbarn, kvenmaður, karlmaður, skólastjóri, grunnskólakennari, afgangslumaður, trúður, drottning, kóngur, bæjarstjóri, skemmtikraftur, leikkona, söngkona, uppfinningamaður, vísindamaður, leikskólastjóri, leikskólastýra, nemandi, íþróttakona, flugmaður, flugfreyja, flugþjónn, skipstjóri, veiðimaður, galdrakerling, norn, prestur, nunna, ræningi, þjófur, skrímsli, hjúkrunarfræðingur, hljóðfæraleikari, listakona, matráður, lögreglumaður




LÍKAMINN

Líkaminn < 3 ára

höfuð, auga, nef, munnur, eyra, enni, haka, tennur, tunga, kinn, varir, háls, magi, bak, hendur, fingur, þumalfingur, litlifingur, putti, lófi, handarbak, fótur, stóratá, litlatá, hæll, hné, olnbogi, rass, tær, brjóst, nafli, nögl, axlir, hjarta, hár, typpi, píka, pjalla

Líkaminn < 6 ára

augabrún, augnhár, augasteinn, nasir, hnakki, kollur, herðar, brjóstkassi, mitti, læri, kálfi, fótleggur, il, rist, ökkli, handleggur, úlnliður, vísifingur, langatöng, baugfingur, rifbein, lungu




UMHVERFI - INNI

Umhverfi – inni < 3 ára

stóll, borð, leikföng, dót, skápur, herbergi, svefnherbergi, stofa, gangur, salur, eldhús, gólf, loft, veggur, gluggi, hillur, fatahólf, klósett, klósettpappír, vaskur, hurð, sæng, koddi, snuð, peli, dýna, teppi, rúm, bað, sturta, koppur, sápa, handklæði, sófi, motta, mynd, tölva, spjaldtölva, ipad, diskur, glas, kanna, bolli, gaffall, hnífur, skeið, hnífapör, skæri, bréf, klukka, sími, myndavél, sjónvarp, stigi, kommóða, skúffa, lykjar, þvottahús, þvottavél, þurrkari, ísskápur, eldavél, pottur, panna, skál, nesti

Umhverfi – inni < 6 ára

tafla, bókahillur, skrifborð, pennaveski, skriffæri, skólataska, mappa, stílabók, strokleður, penni, blýantur, yddari, reglustika, gatari, heftari, eldhúsborð, búr, eldhússtóll, sófasett, sófaborð, kjallari, gluggakista, útihurð, háaloft, skrifstofa, salerni, útvarp, baðherbergi, barnaherbergi, borðstofa, uppþvottavél, krani, örbylgjuofn, hrærivél, sleif, handmennt, textíll, íþróttir, box




MATUR

Matur < 3 ára

fiskur, soðinn fiskur, plokkfiskur, fiskibollur, kjöt, kjúklingur, kjötbollur, pylsur, pítsa, spagettí, pasta, kartöflur, franskar, sósa, grjónagrautur, hafragrautur, súpa, grænmeti, kál, paprika, agúrka, tómatar, gulrót, rófa, ávextir, appelsína, epli, banani, melóna, kíví, vínber, jarðarber, ananas, pera, brauð, ristað brauð, kex, smjör, ostur, kæfa, skinka, mjólk, ávaxtasafi, vatn, egg, skyr, jógúrt, kaka, rúsínur, ís, tómatsósa, sulta, kaffi, kók, kakó, morgunkorn

Matur < 6 ára

steiktur fiskur, saltfiskur, ýsa, þorskur, rækjur, kræklingur, grillað kjöt, hamborgari, píta, slátur, pepperóní, beikon, kartöflumús, salat, krækiber, bláber, kirsuber, sítróna, kókóshneta, sveppir, blómkál, samloka, flatkaka, rúgbrauð, rúnstykki, spælt egg, soðið egg, sinnep, laukur, steiktur laukur, hrísgrjón, kanill, appelsínusafi, morgunmatur, hádegismatur, kvöldmatur, kaffitími



Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu


DÝR

Dýr < 3 ára

kisa, hundur, hestur, kýr, kind, geit, svín, hani, hæna, fugl, önd, lamb, hvolpur, kettlingur, folald, kálfur, ungi, mús, kanína, refur, froskur, ormur, fluga, fiðrildi, könguló, páfagaukur, krabbi, fíll, ljón, tígrisdýr, gíraffi, api, krókódíll, ísbjörn, hákarl, risaeðla, eðla

Dýr < 6 ára

húsdýr, gæs, álft, lundi, máfur, kalkúnn, mörgæs, selur, hvalur, höfrungur, hreindýr, geitungur, lirfur, púpa, býfluga, rotta, ánamaðkur, snigill, slanga, kengúra, naggrís, broddgöltur, íkorni, skjaldbaka, ugla, leðurblaka, skógarbjörn, panda, úlfur, sebrahestur, nashyrningur, asni, villidýr, dreki




LEIKFÖNG

Leikföng < 3 ára

dúkka, dúkkuföt, dúkkuvagn, dúkkuhús, bangsi, kubbar, púsl, spil, bingó, perlur, bók, blað, litir, pensill, fata, skófla, róla, mark, bolti, fótbolti, bílabraut, dýr, sími, blöðrur, flauta, kítar, leir, vasaljós, búningar

Leikföng < 6 ára

leir, legokubbar, tæknilego, playmó, einingakubbar, hljóðfæri, smásjá, fjarstýrðir bílar, karfa, fótboltamark, hlaupahjól, hjólabretti, rugguhestur, flugdreki, sippuband, húllahringur, vatnsbyssa, tuskudýr, búningar




LITIR

Litir < 3 ára

gulur, rauður, grænn, blár, bleikur, svartur, hvítur, brúnn, appelsínugulur, fjólublár

Litir < 6 ára

ljósblár, dökkblár, ljósgrænn, dökkgrænn, ljósbleikur, dökkbleikur, ljósfjólublár, dökkfjólublár, dökkbrúnn, ljósbrúnn, grár, ljósgrár, dökkgrár



Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu


FATNAÐUR

Fatnaður < 3 ára

buxur, peysa, bolur, sokkar, nærbuxur, stuttbuxur, kjóll, pils, sokkabuxur, sundföt, smekkur, leggings, skór, húfa, úlpa, vettlingar, pollagalli, pollabuxur, pollajakki, regnföt, útiföt, kuldagalli, galli, snjóbuxur, buff, stígvél, kuldastígvél, útiskór, strigaskór, kuldaskór, spariskór, hlý föt, ullarsokkar, ermi, vasi, gleraugu

Fatnaður < 6 ára

skyrta, treyja, lopapeysa, flíspeysa, nærbolur, brók, stuttermabolur, kápa, jakki, gallajakki, gallabuxur, íþróttaföt, sundbolur, sundskýla, bikini, inniskór, sandalar, trefill, hálsklútur, derhúfa, hattur, höfuðfat, hanskar, lúffur, bindi, slaufa, kragi, skálm



VEÐURFAR

Veðurfar < 3 ára

gott veður, vont veður, sól, rigning, snjór, snjókoma, rok, vindur, regnbogi

Veðurfar < 6 ára

sólskin, logn, lognmolla, gola, skýjað, hálfskýjað, heiðskírt, mistur, þrumur, eldingar, úði, hellidemba, rigningarskúr, slydda, slabb, skafrenningur, bylur, þoka, hagléll, snjóbylur, snjóhríð, él, hríð, fönn, dalalæða, þokuslæða, hundslappadrífa, hvasst, stormur, óveður, ófærð, rökkur, dimmt



UMHVERFI - ÚTI

Umhverfi – úti < 3 ára

leikvöllur, rólur, róluvöllur, fótboltavöllur, rennibraut, vegasalt, klifurgrind, sandur, sandkassi, gras, hóll, brekka, mói, blóm, tré, grein, laufblað, skógur, gata, vegur, gangbraut, stétt, steinar, hús, bílskúr, blokk, búð, höll, sumarbústaður, fjós, hesthús, heitur pottur, fjara, fjall, sjór, ljósastaur, umferðarskilti, umferðarljós

Umhverfi – úti < 6 ára

golfvöllur, sparkvöllur, gervigrasvöllur, battavöllur, skautasvell, kofi, París, garður, girðing, skjól, útsýni, mosi, tún, runni, grjót, skíðabrekka, kirkjugarður, gangstígur, gangstétt, tröppur, svalir, tjaldstæði, verslun, sjoppa, veitingastaður, apótek, kastali, bílastæði, bílasala, kappakstursbraut, bryggja, brú, viti, göng, hellir, klettar, þúfa, gjóta, eyðimörk, heiði, á, lækur, jökull, öldur, foss, dalur, fjörður, strönd, rafmagnskassi, einbýlishús, fjölbýlishús, raðhús, parhús, haughús




FARARTÆKI

Farartæki < 3 ára

bíll, jeppi, sportbíll, vörubíll, flutningabíll, slökkviliðsbíll, sjúkrabíll, lögreglubíll, olíubíll, kranabíll, ruslabíll, húsbíll, hjólhýsi, traktor, grafa, rúta, strætó, lest, vagn, hjól, þríhjól, mótorhjól, fjórhjól, snjósleði, sleði, snjóþota, bátur, fiskibátur, skip, skúta, flugvél, þota

Farartæki < 6 ára

fólksbíll, torfærubíll, kappakstursbíll, sendiferðabíll, strætisvagn, járnbrautarlest, dráttarvél, fellihýsi, tjaldvagn, kerra, skíði, snjóbretti, sjóskíði, skemmtiferðaskip, kajak, árabátur, ferja, björgunarbátur, loftbelgur, geimfar, þyrta




Iðja < 3 ára

gráta, hlæja, brosa, borða, drekka, tyggja, sofa, vakna, sitja, standa, liggja, skríða, labba, ganga, hoppa, hlaupa, detta, dansa, sparka, hjóla, synda, stoppa, sigla, keyra, rugga, velta, rúlla, hnoða, halda, hátta, hósta, hnerra, gubba, blása, kyssa, knúsa, faðma, kúra, klappa, baða, bursta, greiða, reima, vinda, pissa, kúka, prumpa, leika, syngja, lesa, teikna, klippa, byggja, mála, púsla, perla, leira, skrifa, lita, fönndra, líma, moka, vinna, kaupa, henda, elda, baka, gefa, taka, skemma, hjálpa, laga, gera við, draga, ýta, kasta, grípa, lemja, banka, opna, loka, koma, fara, bíða, hætta, hugga, hræra, kalla, elta, hlusta, tala, hvísla, spyrja, svara, horfa, skoða, raða, fá, sjá, sýna, muna, þakka fyrir, klæða sig í, klæða sig úr, renna niður, renna upp, renna sér, ganga frá, taka til, setja saman, taka í sundur, taka upp, þvo sér, þurrka sér, sturta niður, fylgjast með, læðast, lækna, kveikja

Iðja < 6 ára

heilsa, kveðja, hrósa, hóta, óska, lofa, þræta, gleðja, kenna, uppgötva, vilja, vita, ætla, aðstoða, útskýra, þekkja, nota, breyta, deila, hræða, fyrirgefa, suða, prufa, reyna, ropa, geispa, æla, garga, flissa, hamast, þamba, gleyma, hugsa, dreyma, herma, skoppa, grafa, stafla, bera, spyrna, þrusa, klifra, leita, lyfta, læsa, spennu, rétta, skilja, skipta, skrúfa, smíða, slasa, stýra, toga, benda, slást, kýla, klóra, snerta, stökkva, keppa, læra, sauma, þrífa, pússa, hrasa, bremsa, skíða, valhoppa, svindla, sníkja, sigra, rækta, gróðursetja, tína upp, týna einhverju, spila, fljúga, svífa, ryðjast, flokka, stela, selja, deyja, heimsækja, fá leyfi



Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu


TILFINNING

Tilfinning < 3 ára

gláður, leið, reiður, spennt, hræddur, kát, hissa, ánægður, yndisleg, sorgmæddur, svöng, saddur, þyrst

Tilfinning < 6 ára

traust, von, virðing, kærleikur, hamingjusamur, jákvæð, neikvæður, ást, elska, kvíðinn, döpur, hryggur, hugrökk, kjarkur, þolinmóð, einmana, umhyggja, sár, afbrýðisamur, löt, feginn, sakna, öfunda, langa, hlakka til, tilhlökkun, söknuður, pirringur, skömm, öruggur, æsingur, myrkfælinn, óttast, áhyggjur, eftirsjá, stolt, ró




FORM OG MYNSTUR

Form og myndur < 3 ára

hringur, stjarna, ferhyrningur, þríhyrningur, kross, hjarta, teningur, strik, röndóttur, köflóttur, doppóttur, rósóttur

Form og myndur < 6 ára

horn, miðja, hlið, kantur, brún, kringlóttur, ferningur, rétthyrningur, sexhyrningur, spaði, tígull, lauf, sporöskjulaga, keila




STÆRÐIR

Stærðir < 3 ára

stór, lítil, stærstur, minnstur, minnka, stækka, stærri en, minni en, stutt, löng, heill, hálfur

Stærðir < 6 ára

hæstur, lægstur, næsthæst, næstlægst, næststærstur, næstminnstur, lágur, hár, miðstærð, helmingi stærri, helmingi minni, þykkt, þunnt, þykkari, þynnri, plús, mínus, jafnt og, muna litlu, sama sem



Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu


FJÖLDI

Fjöldi < 3 ára

enginn, margir, lítið, mikið, allt, allir, einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, sex, sjö, átta, níu, tíu

Fjöldi < 6 ára

nokkrar, fáar, jafn margir, flestir, fæstir, mest, næstmest, minnst, næstminnst, helmingur, fleiri en, færri en, fyrsti, annar, þriðji og upp í tíunda, töluhugtökin 1 – 20, 10, 20, 30...100, 200, 300, 400...1000




LÝSING

Lýsing < 3 ára

fallegur, góð, vond, blaut, kaldur, skítug, fullur, þæg, hlýðinn, feit, breiður, mjór, hörð, gömul, brosandi, skemmtilegt, leiðinlegt, duglegur, hættuleg, fljótur, sterk, þungur, týnt

Lýsing < 6 ára

blíðleg, dásamlegur, kærleiksrík, vingjarnlegt, hjálplegur, hjálpsöm, frábært, friðsæll, snjöll, kjarkmikill, ljúffengt, björt, ljós, varkár, alvarleg, feiminn, einmana, frekur, eigingjörn, dónalegur, furðulegt, ókurteis, skömmustuleg, glæfraleg, sekur, auðvelt, lágvaxin, hávaxin, erfitt, ljúf, beittur, þorna, breytileg, líkur, brothætt, hættulegt, hávaði, vanta, seinn, gegnblaut, óhreint, grunnur, birta, oft, aftur, endurvinnanlegt




AFSTAÐA

Afstaða < 3 ára

inn í, ofan á, ofan í, fyrir framan, fyrir aftan, fyrir ofan, við hliðina á, í miðjunni, á milli, fyrir ofan, fyrir neðan, undir, uppi, fyrstur, síðastur, fremstur, aftastur, yfir, undir, minni, stærri, til, frá, í röð

Afstaða < 6 ára

fyrir innan, fyrir utan, efst, næstefst, neðst, næstneðst, nálægt, næst við, langt frá, hlið við hlið, á móti, bak við, framan við, næstfremstur, næstaftastur, framan á, aftan á, hérna megin, hinum megin, hægri, vinstri, ská, beint, þarna, hérna



Orðaforðalisti

9

Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu


HREYFING

Hreyfing < 3 ára

hægt, hratt, upp, niður, undir, upp á, í gegnum, í kringum, á bak við, áfram, aftur á bak

Hreyfing < 6 ára

hægara, hraðara, fljótt, til hliðar, í burtu, nálgast, snöggur, hægfara, glanni, skokka, fjarlægjast, brokka




SPURNING

Spurning < 3 ára

hvað, hver, hvar, hvernig, af hverju, hvers vegna, hvenær, af því að

Spurning < 6 ára

hvor, hvort, hvaðan, hvert, hvaða, hvers konar, hversu, hvað ef




RITMÁL

Ritmál < 3 ára

stafur, orð

Ritmál < 6 ára

stór stafur, lítill stafur, bókstafur, tölustafur, setning, blaðsíða, lína, punktur, spurningarmerki, komma, orðabil



Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu


TÍMI

Tími < 3 ára

núna, seinna, bráðum, á eftir, á morgun, í gær, í dag, kvöld, dagur, nótt, mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur, fimmtudagur, föstudagur, laugardagur, sunnudagur, janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember, desember, sumar, vetur, vor, haust, jól, páskar, frí

Tími < 6 ára

áður, áðan, hádegi, fyrir hádegi, eftir hádegi, í fyrramálið, í fyrradag, í morgun, á morgun, í gærkvöldi, ekki á morgun heldur hinn, í næstu viku, helgi, í fyrsta skipti, í síðasta skipti, vika, ár, mánuður, árstíðir, áramót, gamlárskvöld, frímínútur, hálf tími, klukkutími, korter




HEILSA

Heilsa < 3 ára

veik, lasinn, illt, sár, plástur, hress, óhress, tannbursti, tannkrem

Heilsa < 6 ára

hraust, slappur, frísk, sjúklingur, beinbrot, gifs, haltur, heyrnarlaus, fatlaður, blind, kröftugt, hækja, spelka




SAMFÉLAG

Samfélag < 3 ára

sveit, vinir, leikskóli, skóli, sundlaug, íþróttahús, slökkvistöð, lögreglustöð, búð, bókasafn, bakarí, flugvöllur, bensínstöð

Samfélag < 6 ára

borg, bær, lýðræði, einræði, reglur, ákvörðun, fátækt, Ísland, útlönd, grunnskóli, framhaldsskóli, háskóli, elliheimili, heilsugæsla, spítali, bæjarskrifstofur, banki, pósthús, fangelsi, kirkja, sorpeyðingarstöð, höfn, frystihús, bíó, leikhús, kaffihús, matvöruverslun, stoppistöð, viti, hótél, nágrenni, verkstæði, bílapvottastöð, þorp, félagsheimili, safn, apótek



Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu


ÝMISLEGT

Ýmislegt < 3 ára

já, nei, ekki, líka, bráðum, hættu, týndur, halló, bless

Ýmislegt < 6 ára

næstum því, hér um bil, reyna aftur, muna litlu, kemur næst, kannski




ANDSTÆÐUR

Andstæður < 3 ára

upp/niður, undir/yfir, úti/inni, hár/lágur, stór/lítill, stærri en/ minni en, stutt/löng, þykkur/þunnur, þungt/létt, lítið/mikið, fáir/margir, enginn/allir, aldrei/alltaf, björt/dimm, blautur/þurr, full/tóm, harður/mjúkur, gömul/ung, kalt/heitt, þæg/óþæg, kurteis/ókurteis, glaður/leiður, veik/hraust, hrædd/óhrædd, svangur/saddur, dugleg/löt, fallegur/ljótur, góð/vond, kaldur/ heitur, feitt/mjótt, skemmtilegur/leiðinlegur, fljót/sein, hratt/ hægt, fyrst/síðust, fremstur/aftastur, efst/neðst, fyrir framan/ fyrir aftan, sterkur/linur, hætta/byrja, muna/gleyma

Andstæður < 6 ára

ljós/dökkur, birta/myrkur, líkt/ólíkt, elstur/yngstur, eldri/yngrri, fljóta/sökkva, beygja/rétta, grunn/djúp, ánægður/óánægður, hamingjusöm/óhamingjusöm, heppinn/óheppinn, hreint/ óhreint, sekur/saklaus, hlýðin/óhlýðin, alveg eins/allt öðruvísi, auðvelt/erfitt, hægri/vinstri



Heimildir

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir.

(2005). *Tölum saman: Málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn*. Reykjavík: Höfundar.

Freyja Birgisdóttir. (2016). Orðaforði og lestrarfærni:

Tengsl við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA.

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérrit, 2016 –

Um læsi, Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af

http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/04_16_laesi.pdf

Sigríður Ólafsdóttir (2015). Þróun orðaforða og lesskilnings

íslenskra grunnskólanema sem hafa annað móðurmál

en íslensku. *Óbirt doktorsritgerð*: Háskóli Ísland. Sótt af:

<http://hdl.handle.net/1946/23061>